

# Gjaldskrá

## Slökkviliðs Hornafjarðar

### 1. KAFLI

#### 1. gr.

Verkefni Slökkviliðs Hornafjarðar (SH) ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br. og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hins vegar af ákvæðum í samþykktum SH.

#### 2. gr.

SH innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðanefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

#### 3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SH eru sett í samþykktum.

### II. KAFLI

#### Lögbundin verkefni.

#### 4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr 29. gr. laga um brunavarnir nr.75/2000 með síðar breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3.mgr. 29. gr sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 19.660 kr.

#### 5. gr.

##### *Öryggisvaktir á mannvirki.*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnun verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimt er að lágmarki 78.640 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30 gr. laga um brunavarnir.

#### 6. gr.

##### *Lokun mannvirkis.*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi

mannvirki. Innheimt er 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 78.640 kr. auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29 gr. og 32. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

*Dagsektir.*

Innheimta skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

*Öryggis – og lokaúttektir.*

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar. Innheimtar eru 68.690 kr. fyrir lokaskoðun eldvarnaeftirlits og 44.650 kr. fyrir öryggisskoðun. Fyrir stærri úttektir skulu að auki innheimtar 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

*Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.*

Fyrir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal tekið fast gjald, 19.660 kr., fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 78.640 kr., auk 19.660 kr., fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

*Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa*

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir eina klukkustund, 28.000 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

III. KAFLI

**Önnur verkefni og þjónusta.**

11. gr.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa sveitarfélagsins samkvæmt samþykktum SH, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 19.660 kr. fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 26.541 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12. - 14. gr. er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 212.328 kr.

#### 12. gr.

##### *Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.*

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunar búnaði. Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla ekki undir lögin. Lögin ná því til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja að höfn, loftförum sem eru á jörðu niðri, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fjórir starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 157.280 kr. auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

#### 13. gr.

##### *Viðbúnaður vegna upphreinsunar.*

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Slökkviliðsstjóri skal innheimta samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnu við upphreinsun, efni sem notuð eru til upphreinsunar, meðhöndlun og förgun þeirra, ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 157.280 kr., auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

#### 14. gr.

##### *Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.*

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir að slökkvilið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 157.280 kr., auk 19.660 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

15. gr.

*Ráðgjafarþjónusta.*

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnisýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinna er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingu, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana efir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

*Tækjaleiga.*

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem ekki er hægt að leigja hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu-eða vatnssugur, slökkvibíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverra atburða sem kalla á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki SH skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimt er að lágmarki 78.640 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

17. gr.

*Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.*

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi, þar sem lögreglustjóri gefur ekki heimild til flutninga nema í fylgd slökkviliðs. Innheimt er að lágmarki 78.640 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

18. gr.

*Annað.*

Innheimt skal fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SH. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 78.640 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 19.660 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

#### IV.KAFLI

##### ***Innheimta.***

19. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnanna. Gjaldalagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis-og lokaúttekta sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 3. gr. til og með 10. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr.75/2000 með síðar breytingum.

#### V.KAFLI

##### ***Gildistaka og lagastoð.***

20. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af Slökkviliði Hornafjarðar og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 13. febrúar 2025 .

Gjaldskrá er bundin neysluvísitölu og uppreiknast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölu miðað við grunnvísitölu í janúar 2025, grunnvísitala skal aldrei vera lægri en 365,5 stig.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

*Hornafjörður, 13. febrúar 2025*

Sigurjón Andrés  
bæjarstóri.